

**FRAMKVÆMDARÁKVÖRDUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR  
(ESB) 2019/665**

2024/EES/11/20

frá 17. apríl 2019

**um breytingu á ákvörðun 2005/270/EB þar sem mælt er fyrir um eyðublöð fyrir  
gagnagrunnskerfi samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 94/62/EB  
um umbúðir og umbúðaúrgang***(tilkynnt með númeri C(2019) 2805) (\*)*

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 94/62/EB frá 20. desember 1994 um umbúðir og umbúðaúrgang <sup>(1)</sup>, einkum 5. gr. (4. mgr.), 6. gr. a (9. mgr.) og 12. gr. (3. mgr. d),*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Í tilskipun 94/62/EB, eins og henni var breytt með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/852 <sup>(2)</sup>, er mælt fyrir um almennar reglur um útreikning á árangri við að ná markmiðum um endurvinnslu umbúðaúrgangs fyrir árin 2025 og 2030. Í henni er þess krafist að aðildarríkin gefi framkvæmdastjórninni skýrslu um framkvæmd á endurvinnslu-markmiðunum fyrir hvert almanaksár í samræmi við snið sem framkvæmdastjórnin ákvarðar.
- 2) Breyta ætti ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2005/270/EB <sup>(3)</sup> til að aðlaga ákvæði hennar að nýju reglunum í tilskipun 94/62/EB að því er varðar útreikning á árangri við að ná markmiðunum sem mælt er fyrir um í 5. gr. (2. mgr.) að því er varðar möguleikann á að taka til greina endurnotanlegar söluumbúðir, í 5. gr. (3. mgr.) varðandi viðarumbúðir sem eru lagfærðar til endurnotkunar og í 6. gr. a, sem og breytingar á 12. gr., um skýrslugjöf.
- 3) Með reglum um útreikning á árangri við að ná markmiðum fyrir umbúðir og umbúðaúrgang fyrir 2025 og 2030, sem komið var á með 1. og 2. mgr. 6. gr. a í tilskipun 94/62/EB, er skýrt nánar að einungis ætti að nota úrgang sem kemur inn í endurvinnsluáðgerð [áður: endurvinnsluferli] eða úrgang sem hefur náð lokum úrgangsfasa við útreikning á markmiðum um endurvinnslu og almenna reglan ætti að vera sú að mælingar á úrgangi fari fram þar sem hann kemur inn í endurvinnsluáðgerð. Til að tryggja samræmda beitingu reglna um útreikninga og samanburðarhæfi gagna ætti að tilgreina útreikningspunkta fyrir helstu umbúðaefniviði og endurvinnsluáðgerðir.
- 4) Í því skyni að tryggja samræmda skýrslugjöf um málma sem eru aðgreindir eftir brennslu á umbúðaúrgangi og endurvinnslu í háum gæðaflokki er nauðsynlegt að fastsetja sameiginlega aðferðafræði fyrir útreikning á magni þessara málma. Í aðferðafræðinni ætti eingöngu að hafa hliðsjón af málminnihaldi efniviða sem eru aðskildir frá botnösku úr brennslu til endurvinnslu í málma og tryggja ætti að einungis verði tekið tillit til málma sem koma úr brennslu á umbúðaúrgangi.
- 5) Samkvæmt 3. og 8. mgr. 6. gr. a í tilskipun 94/62/EB verða gögn sem eru reiknuð út og skýrsla gefin um að vera studd af skilvirku gæðaeftirlits- og rekjanleikakerfi fyrir strauma efniviða úr umbúðaúrgangi. Í því skyni ættu aðildarríkin að gera ráðstafanir til að tryggja mikinn áreiðanleika og nákvæmni gagna sem er safnað um umbúðaúrgang sem fellur til og er enduruninn, einkum með því að safna gögnum beint frá rekstraraðilum og með því að nota rafrænar skrár eins og um getur í 4. mgr. 35. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2008/98/EB <sup>(4)</sup> og tækniforskriftir sem gilda um flokkaðan úrgang.
- 6) Á eyðublöðunum sem aðildarríkin eiga að nota til að gefa skýrslu um gögn í samræmi við 3. mgr. a í 12. gr. tilskipunar 94/62/EB ætti taka mið af reglunum sem varða skýrslugjöf um markmið um endurvinnslu fyrir umbúðir og um endurnotanlegar umbúðir sem mælt er fyrir um í tilskipun 94/62/EB.

(\*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 112, 26.4.2019, bls. 26. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 173/2022 frá 10. Júní 2022 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við *Sjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 66, 13.10.2022, bls. 14.

(1) (Stjtið. EB L 365, 31.12.1994, bls. 10).

(2) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/852 frá 30. maí 2018 um breytingu á tilskipun 94/62/EB um úrgang og umbúðaúrgang (Stjtið. ESB L 150, 14.6.2018, bls. 141).

(3) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2005/270/EB frá 22. mars 2005 þar sem mælt er fyrir um eyðublöð fyrir gagnagrunnskerfi samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 94/62/EB um umbúðir og umbúðaúrgang (Stjtið. ESB L 86, 5.4.2005, bls. 6.)

(4) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/98/EB frá 19. nóvember 2008 um úrgang og um niðurfellingu tiltekinna tilskipana (Stjtið. ESB L 312, 22.11.2008, bls. 3).

- 7) Á eyðublöðunum fyrir skýrslugjöf um endurnotanlegar umbúðir ætti að taka mið af upplýsingum um endurnotanlegar umbúðir, sem settar eru á markað í fyrsta skipti, og um fjölda hringferða (e. *rotation*), sem umbúðir fara í gegnum á hverju ári, sem eru nauðsynlegar til að ákvarða hlutdeild endurnýtanlegra umbúða samanborið við einnota umbúðir. Þar eð taka má tillit til endurnotanlegra söluumbúða í tengslum við markmið um endurvinnslu þykir einnig rétt að gera greinarmun á endurnotanlegum söluumbúðum og öðrum endurnotanlegum umbúðum.
- 8) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót skv. 21. gr. tilskipunar 94/62/EB.

## SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

## 1. gr.

Ákvörðun 2005/270/EB er breytt sem hér segir:

- 1) Í stað 1. gr. kemur eftirfarandi:

„1. gr.

Með þessari ákvörðun er mælt fyrir um eyðublöð fyrir skýrslugjöf um gögn skv. 12. gr. tilskipunar 94/62/EB sem og reglur um útreikninga, sannpröfun og skýrslugjöf um gögn samkvæmt þeirri tilskipun að því er varðar eftirfarandi:

- a) að ná leiðréttum viðmiðunarmörkum markmiðanna um endurvinnslu sem um getur í f- til i-lið 1. mgr. 6. gr. tilskipunar 94/62/EB með því að taka tillit til endurnotanlegra umbúða skv. 2. mgr. 5. gr. þeirrar tilskipunar,
- b) að taka tillit til viðarumbúða sem eru lagfærðar til endurnotkunar skv. 3. mgr. 5. gr. tilskipunar 94/62/EB,
- c) að farið sé að markmiðum sem sett eru fram í f- til i-lið 1. mgr. 6. gr. tilskipunar 94/62/EB,
- d) gæðakönnun og ráðstafanir sem gerðar hafa verið skv. 3. og 8. mgr. 6. gr. a í tilskipun 94/62/EB.“

- 2) Ákvæðum 2. gr. er breytt sem hér segir:

- a) Í stað 1. mgr. kemur eftirfarandi:

„1. Í þessari ákvörðun er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir, auk þeirra viðeigandi merkinga sem settar eru fram í 3. gr. tilskipunar 94/62/EB:

- a) „markefniviðir“: efniviðir úr umbúðaúrgangi sem eru endurnir í tiltekinni endurvinnsluaðgerð í vörur, efniviði eða efni sem eru ekki úrgangur,
- b) „efniviðir sem eru ekki markefniviðir“: að því er varðar útreikning á markmiðum um endurvinnslu sem sett eru fram í f- til i-lið 1. mgr. 6. gr. tilskipunar 94/62/EB, úrgangsefniviðir sem eru ekki endurnir í tiltekinni endurvinnsluaðgerð í vörur, efniviði eða efni sem eru ekki úrgangur,
- c) „formeðhöndlun“: hvers konar meðhöndlunaraðgerð sem efniviðir úr umbúðaúrgangi fara í fyrir afhendingu í endurvinnsluaðgerð þar sem þessir efniviðir eru endurnir í vörur, efniviði eða efni sem eru ekki úrgangur. Þar með teljast skoðun, flokkun og aðrar undirbúningsaðgerðir til að fjárlægja efniviði, sem eru ekki markefniviðir, og til að tryggja endurvinnslu í háum gæðaflokki,
- d) „útreikningspunktur“: staðurinn þar sem efniviðir úr umbúðaúrgangi koma inn í endurvinnsluaðgerðina þar sem úrgangur er endurninn í vörur, efniviði eða efni sem eru ekki úrgangur eða staðurinn þar sem úrgangsefniviðir hætta að vera úrgangur í kjölfar undirbúningsaðgerðar áður en þeir eru endurnir,
- e) „mælipunktur“: staðurinn þar sem massi úrgangsefniviða er mældur í því skyni að ákvarða magn úrgangs á útreikningspunktinum,
- f) „hringferð“: ferli sem endurnotanlegar umbúðir fara í gegnum frá því að þær eru settar á markað ásamt vörunum sem þeim er ætlað að innihalda, verja og gera kleift að meðhöndla, afgreiða eða kynna þar til þær eru sendar aftur til endurnotkunar í kerfi til að endurnota umbúðir með það fyrir augum að þær verði aftur settar á markað ásamt vörunum,
- g) „kerfi til að endurnota umbúðir“: skipulagslegar, tæknilegar eða fjárhagslegar ráðstafanir sem tryggja að endurnotanlegar umbúðir fari margar hringferðir.“

- b) fyrsta undirgrein 2. mgr. fellur brott,

## 3) Ákvæðum 3. gr. er breytt sem hér segir:

## a) Í stað fyrsta málsliðar 3. mgr. kemur eftirfarandi:

„3. Í þeim tilgangi að reikna út og sannprófa að markmiðin sem sett eru fram í a- til e-lið 1. mgr. 6. gr. tilskipunar 94/62/EB hafi náðst skulu umbúðir úr mismunandi efniviðum, sem er ekki hægt að aðskilja með höndum, skráðar undir þeim efnivið sem vegur þyngst.“

## b) Í stað fyrsta málsliðar 4. mgr. kemur eftirfarandi:

„4. Í þeim tilgangi að reikna út og sannprófa að markmiðin sem sett eru fram í a- til e-lið 1. mgr. 6. gr. tilskipunar 94/62/EB hafi náðst skal þyngd endurnýttts eða endurunnins umbúðaúrgangs vera ilag umbúðaúrgangs sem er sent í skilvirkt endurnýtingar- eða endurvinnsluferli. Ef frálág flokkunarstöðvar er sent í skilvirkt endurvinnslu- eða endurnýtingarferli án umtalsverðs taps er viðunandi að líta á þetta frálág sem þyngd endurnýtta eða endurrunna umbúðaúrgangsins.“

## 4) Ákvæðum 4. gr. er breytt sem hér segir:

## a) Í stað 1. mgr. kemur eftirfarandi:

„1. Í þeim tilgangi að reikna út og sannprófa að markmiðin sem sett eru fram í a- til e-lið 1. mgr. 6. gr. tilskipunar 94/62/EB hafi náðst skal einungis telja umbúðaúrgang, sem er fluttur út frá Sambandinu, sem endurnýttan eða endurunninn ef áreiðanlegar sannanir eru fyrir því að endurheimtin og/eða endurvinnslan hafi farið fram í samræmi við skilyrði sem eru í stórum dráttum jafngild þeim sem mælt er fyrir um í viðeigandi löggið Sambandsins.“

## b) Í stað 3. mgr. kemur eftirfarandi:

„3. Í þeim tilgangi að reikna út og sannprófa að markmiðin sem sett eru fram í a- til e-lið 1. mgr. 6. gr. tilskipunar 94/62/EB hafi náðst skal umbúðaúrgangur sem fellur til í öðru aðildarríki eða utan Sambandsins, sem er sendur til aðildarríkis í endurnýtingu eða endurvinnslu, ekki teljast hafa verið endurnýttur eða endurunninn í aðildarríkinu sem umbúðaúrgangurinn var sendur til.“

## 5) Ákvæðum 5. gr. er breytt sem hér segir:

## a) Ákvæðum 1. mgr. er breytt sem hér segir:

## i. Í stað fyrstu undirgreinar kemur eftirfarandi:

„1. Í þeim tilgangi að reikna út og sannprófa að markmiðin sem sett eru fram í a- til e-lið 1. mgr. 6. gr. tilskipunar 94/62/EB hafi náðst skal þyngd endurnýttts eða endurunnins umbúðaúrgangs fundin út frá náttúrulegu rakainnihaldi umbúðaúrgangsins sem svarar til rakainnihaldsins í samsvarandi umbúðum sem settar eru á markað.“

## ii. Í stað fjórðu undirgreinar kemur eftirfarandi:

„Greina skal frá umtalsverðum leiðréttingum í lýsingunum varðandi samantekt gagnanna í skýrslunni um eftirlit með gæðum gagna.“

## b) Ákvæðum 2. mgr. er breytt sem hér segir:

## i. Í stað fyrstu undirgreinar kemur eftirfarandi:

„2. Í þeim tilgangi að reikna út og sannprófa að markmiðin sem sett eru fram í a- til e-lið 1. mgr. 6. gr. tilskipunar 94/62/EB hafi náðst skal þyngd endurnýtttra umbúða, eftir því sem við verður komið, ekki taka til efniviða sem eru ekki úr umbúðum [áður: efni sem ekki er notað í umbúðir] en er safnað með umbúðaúrganginum.“

## ii. Í stað fjórðu undirgreinar kemur eftirfarandi:

„Greina skal frá umtalsverðum leiðréttingum í lýsingunum varðandi samantekt gagnanna í skýrslunni um eftirlit með gæðum gagna.“

## 6) Í stað 6. gr. kemur eftirfarandi:

„6. gr.

Í þeim tilgangi að reikna út og sannprófa að markmiðin sem sett eru fram í 6. gr. (a- til e-lið 1. mgr.) tilskipunar 94/62/EB hafi náðst skulu ákvæði um endurnýtingu í 3., 4. og 5. gr. þessarar ákvörðunar gilda, að breyttu breytanda, um umbúðaúrgang sem er brenndur í sorpbrennslustöðvum sem vinna orku.“

## 7) Eftirfarandi 6. gr. a til 6. gr. f er bætt við:

## „6. gr. a

1. Í þeim tilgangi að ná leiðréttum viðmiðunarmörkum markmiðanna um endurvinnslu sem sett eru fram í f- til i-lið 1. mgr. 6. gr. tilskipunar 94/62/EB með því að taka tillit til meðalhlutdeildar, á næstliðnum þremur árum, endurnotanlegra söluumbúða sem settar eru á markað í fyrsta skipti og endurnotaðar samkvæmt kerfi til að endurnota umbúðir, eins og kveðið er á um í 2. mgr. 5. gr. tilskipunar 94/62/EB, skal draga magn endurnotanlegra söluumbúða sem er fargað eftir fyrstu hringferð frá heildarmagni endurnotanlegra söluumbúða sem settar eru á markað í fyrsta skipti á tilteknu ári.

2. Reikna skal út prósentustigin sem draga má frá endurvinnslumarkmiðum til að ákvarða leiðréttu viðmiðunarmörkin sem um getur í 2. mgr. 5. gr. tilskipunar 94/62/EB sem einfalt meðaltal prósentustiga sem standa fyrir hlutdeild endurnýtanlegra söluumbúða fyrir hvert ár næstliðin þrjú ár. Sú hlutdeild skal reiknuð út með því að deila í magn endurnotanlegra söluumbúða sem ákvarðað er í samræmi við þessa grein, sem er samsett úr umbúðaefnivið sem endurvinnslumarkmiðið gildir um, með magni allra söluumbúða sem samsettar eru úr þeim umbúðaefnivið og eru settar á markað í fyrsta skipti á tilteknu ári.

## 6. gr. b

1. Ef aðildarríki tekur tillit til magns viðarumbúða, sem eru lagfærðar til endurnotkunar, við útreikninga á markmiðunum sem mælt er fyrir um í f-lið, ii. lið g-liðar, h-lið og ii. lið i-liðar í 1. mgr. 6. gr. tilskipunar 94/62/EB skal magni viðarumbúða sem eru lagfærðar til endurnotkunar bætt við bæði umbúðaúrgang sem fellur til og endurunnin umbúðaúrgang.

2. Magn viðarumbúða sem eru lagfærðar til endurnotkunar skal ákvarðað á grundvelli massa eininga lagfærða viðarumbúða sem síðan eru endurnotaðar og skal undanskilja viðarumbúðir eða hluta viðarumbúða sem er beint í úrgangsmeðhöndlunaraðgerðir.

## 6. gr. c

1. Í þeim tilgangi að reikna út og sannprófa samræmi við markmiðin um endurvinnslu sem sett eru fram í f- til i-lið 1. mgr. 6. gr. tilskipunar 94/62/EB skal eftirfarandi gilda:

a) Magn endurunns umbúðaúrgangs skal vera magn úrgangs við útreikningspunkt. Magn umbúðaúrgangs sem kemur inn í endurvinnsluaðgerð skal innihalda markefniviði. Það má innihalda efniviði, sem eru ekki markefniviðir, einungis að því marki að tilvist þeirra sé leyfileg fyrir þessa tilteknu endurvinnsluaðgerð.

Viðeigandi útreikningspunktar fyrir tiltekna efniviði úr umbúðaúrgangi og tilteknar endurvinnsluaðgerðir eru tilgreindir í II. viðauka.

b) Ef mælipunkturinn tengist frálagi stöðvar sem sendir umbúðaúrgang í endurvinnslu án frekari formeðhöndlunar, eða ilagi stöðvar þar sem umbúðaúrgangur kemur inn í endurvinnsluaðgerð án frekari formeðhöndlunar, skal það magn flokkaðs umbúðaúrgangs sem endurvinnslustöðin hafnar ekki talið með í magni endurunns umbúðaúrgangs.

c) Ef formeðhöndlun er framkvæmd á stöð áður en að útreikningspunkti þeirrar stöðvar kemur skal úrgangurinn sem fjarlægður er við formeðhöndlun ekki talinn með í magni endurunns umbúðaúrgangs sem sú stöð gefur skýrslu um.

d) Ef lífbrjótanlegar umbúðir sem fá loftháða eða loftfirrða meðhöndlun eru taldar með í endurunnu magni fyrir viðkomandi umbúðaefnivið skal ákvarða magn lífbrjótanlegra umbúða í lífbrjótanlegum úrgangi með því að framkvæma reglulegar greiningar á samsetningu lífbrjótanlegs úrgangs sem kemur inn í þessar aðgerðir. Lífbrjótanlegur umbúðaúrgangur sem er fjarlægður fyrir, í eða eftir endurvinnsluaðgerð skal ekki talinn með í endurunnu magni.

e) Ef rakainnihald umbúðaúrgangs við mælipunkt er frábrugðið rakainnihaldinu í umbúðum sem settar eru á markað skal leiðréttu magn umbúða á mælipunkti til að endurspegla náttúrulegt rakainnihald umbúðaúrgangsins samanborið við raka jafngilda umbúða sem settar eru á markað.

f) Undanskilja skal efniviði sem eru ekki úr umbúðum sem er safnað með umbúðaúrgangi, s.s. úrgang úr sama efnivið sem er ekki upprunninn úr umbúðum og leifar af vörum sem umbúðirnar innihéldu áður, frá magni endurunns umbúðaúrgangs.

- g) Ef umbúðaúrgangur sem fellur til í tilteknu aðildarríki hefur blandast öðrum úrgangi eða úrgangi frá öðru landi áður en hann kemur að mælipunktinum eða útreikningspunktinum skal sanngreina hlutfall umbúðaúrgangs sem fellur til í tilteknu aðildarríki með viðeigandi aðferðum, s.s. rafrænum skráum og könnunum með úrtöku. Ef slíkur úrgangur fer í frekari formæðhöndlun skal draga frá það magn efniviða, sem eru ekki markefniviðir, sem er fjarlæggt við þá meðhöndlun að teknu tilliti til hlutfalls og, eftir því sem við á, gæða úrgangsefniviða sem koma úr umbúðaúrgangi sem er upprunninn í tilteknu aðildarríki.
- h) Ef efniviðir úr umbúðaúrgangi koma inn í endurnýtingaraðgerðir þar sem þessir efniviðir eru aðallega notaðir sem eldsneyti eða á annan hátt til að framleiða orku skal frágsl slíkrar starfsemi sem er háð endurheimt efniviða, s.s. jarðefnahluti botnösku úr brennslu eða gjall sem myndast við sambrennslu, ekki teljast til þess magns umbúðaúrgangs sem er endurunnið, að undanskildum málum sem eru aðskildir og endurunnir eftir brennslu á umbúðaúrgangi. Ekki skal tilgreina málma í jarðefnafrágsl í sambrennsluferli umbúðaúrgangs sem endurunna.
- i) Ef efniviðir úr umbúðaúrgangi koma inn í endurnýtingaraðgerðir þar sem þessir efniviðir eru ekki aðallega notaðir annaðhvort sem eldsneyti eða á annan hátt til að framleiða orku, eða fyrir endurheimt efniviða, en leiða til frágsls sem inniheldur endurunna efniviði, eldsneyti eða fyllingarefni í umtalsverðum hlutföllum skal magn endurunns úrgangs ákvarðað með massajöfnunaraðferð sem leiðir til þess að einungis er tekið tillit til úrgangsefniviða sem eru endurunnir.

2. Í þeim tilgangi að reikna út og sannprófa að markmið um endurvinnslu sem sett eru fram í f- til i-lið 1. mgr. 6. gr. tilskipunar 94/62/EB hafi náðst skal reikna út og greina frá samsettum umbúðum og öðrum umbúðum, sem eru samsettar úr fleiri en einum efnivið, eftir efnivið sem umbúðirnar innihalda. Aðildarríkjum er heimilt að víkja frá þessari kröfu ef tiltekinn efniviður telst vera óverulegur hluti umbúðaeiningar og er aldrei meiri en 5% af heildarmassa umbúðaeiningar.

*6. gr. d*

1. Í þeim tilgangi að reikna út og sannprófa að markmiðin sem sett eru fram í f- til i-lið 1. mgr. 6. gr. tilskipunar 94/62/EB hafi náðst skal magn endurunninna málma sem eru aðskildir frá botnösku úr brennslu vera massi málma í málmkirninu sem er aðskilið frá óunninni botnösku úr brennslu sem kemur úr umbúðaúrgangi og skal ekki innihalda aðra efniviði í málmkirninu, s.s. viðloðandi jarðefni eða málma sem koma ekki úr umbúðaúrgangi.
2. Aðildarríkin skulu beita aðferðafræðinni sem mælt er fyrir um í III. viðauka til að reikna út massa endurunninna málma sem eru aðskildir frá botnösku úr brennslu.

*6. gr. e*

Í þeim tilgangi að reikna út og sannprófa að markmiðin sem sett eru fram í a- til e-lið 1. mgr. 6. gr. tilskipunar 94/62/EB hafi náðst geta aðildarríkin beitt reglunum um útreikning sem mælt er fyrir um í 6. gr. a til 6. gr. d.

*6. gr. f*

1. Aðildarríki skulu gera viðeigandi ráðstafanir til að tryggja áreiðanleika og nákvæmni gagna sem gefin er skýrsla um samkvæmt þessari ákvörðun. Einkum skal sannprófa og milligáta það magn umbúðaúrgangs sem fellur til, þ.m.t. með notkun gagna um magn umbúða sem sett er á markað, viðeigandi gagna um úrgang og greiningu á samsetningu á blönduðum heimilis- og rekstrarúrgangi. Aðildarríki skulu upplýsa framkvæmdastjórnina um slíka sannprófun sem er framkvæmd og, eftir því sem við á, um marktækt ósamræmi sem kom í ljós og ráðstafanir til úrbóta sem eru fyrirhugaðar eða voru gerðar.
2. Aðildarríki skulu fá gögn beint frá starfsstöðum eða fyrirtækjum sem meðhöndla úrgang, eftir því sem við á.
3. Aðildarríki skulu íhuga að nota rafrænar skrár.
4. Ef gagnasöfnun er byggð á könnunum, þ.m.t. þeim sem renna stöðum undir aðferðir við úrtöku, skal framkvæma þessar kannanir samkvæmt lágmarksstaðli sem skal innihalda eftirfarandi lágmarkskröfur:
- a) kannanirnar eru gerðar reglulega með tilteknu millibili til að endurspegla með fullnægjandi hætti frávik í gögnum sem skal kanna,
- b) kannanirnar byggjast á dæmigerðu úrtaki af því þýði sem niðurstöðurnar eru notaðar á.

5. Nota má mót fyrir umbúðafniviði sem koma fyrir í litlu magni og fyrir þá sem ekki eru nefndir í þessari ákvörðun. Þessi mót skulu byggjast á bestu, fyrirliggjandi upplýsingum og skal lýst í skýrslum um gæðakönnun sem fylgja gögnum um myndun umbúðaúrgangs og endurvinnslu hans.“
- 8) Ákvæði 7. og 8. gr. falla brott.
- 9) Ákvæðum 9. gr. er breytt sem hér segir:
- a) Í stað 1. og 2. mgr. kemur eftirfarandi:
- „1. Aðildarríkin skulu gefa skýrslu um gögn um myndun og meðhöndlun umbúðaúrgangs og um endurnotanlegar umbúðir með því að nota eyðublaðið sem sett er fram í töflu 1, 2 og 3 í I. viðauka.
2. Aðildarríkin skulu láta í té gögn um notkun á þunnum burðarpokum úr plasti með því að nota eyðublaðið sem sett er fram í töflu 4 eða töflu 5 í I. viðauka, eftir því sem við á, fyrir skýrslugjöf eftir fjölda og eyðublaðið sem sett er fram í töflu 6 eða töflu 7 í I. viðauka, eftir því sem við á, fyrir skýrslugjöf eftir þyngd.“
- b) Eftirfarandi 3. til 7. mgr. er bætt við:
- „3. Aðildarríkin skulu fylla út skýrslueyðublaðin, sem sett eru fram í I. viðauka, árlega og skulu leggja þau fyrir framkvæmdastjórnina innan 18 mánaða frá lokum viðmiðunarársins á rafrænu formi með staðli um gagnaskipti sem framkvæmdastjórnin kom á fót. Skýrslugjöfin skal taka til heils almanaksárs.
4. Aðildarríkin skulu leggja fram skýrslu um gæðakönnun með því að nota eyðublaðið sem sett er fram í IV. viðauka.
5. Ef aðildarríki beitir ekki reglum um útreikninga sem mælt er fyrir um í 6. gr. a til 6. gr. d í þeim tilgangi að sannreyna að farið sé að markmiðum sem sett eru fram í 6. gr. (a- til e-lið 1. mgr.) í tilskipun 94/62/EB skal það aðildarríki leggja fram gögn til að sannreyna að farið sé markmiðunum sem sett eru fram í 6. gr. (a- til e-lið 1. mgr.) tilskipunar 94/62/EB sérstaklega með því að nota eyðublaðið sem mælt er fyrir um í töflu 1 í viðaukanum.
6. Aðildarríki sem ákveða að ná leiðréttum viðmiðunarmörkum markmiðs í samræmi við 2. mgr. 5. gr. tilskipunar 94/62/EB fyrir tiltekið ár skulu fylla út skýrslueyðublaðið sem sett er fram í töflu 2 í I. viðauka við þessa ákvörðun fyrir það ár fyrir viðkomandi umbúðafnivið og skulu leggja það fyrir framkvæmdastjórnina innan 18 mánaða frá lokum viðmiðunarársins á rafrænu formi með staðli um gagnaskipti sem framkvæmdastjórnin kom á fót.
7. Framkvæmdastjórnin skal birta gögnin sem gefin er skýrsla um samkvæmt viðaukanum við þessa ákvörðun nema, að því er varðar upplýsingar sem koma fram í skýrslunum um gæðakönnun sem komið er á skv. IV. viðauka, aðildarríki leggi fram rökstudda beiðni um að tiltekin gögn verði ekki birt.“
- 10) Viðaukanum er breytt eins og fram kemur í viðaukanum við þessa ákvörðun.

2. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 17. apríl 2019.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Karmenu VELLA

*framkvæmdastjóri.*

## VIÐAUKI

Viðaukanum við ákvörðun 2005/270/EB er breytt sem hér segir:

- 1) Í stað fyrirsagnarinnar kemur „I. VIÐAUKI“.
- 2) Í stað töflu 1, 2 og 3 kemur eftirfarandi:

## „Tafla 1

## Skýrslugjöf um markmið um endurvinnslu sem sett eru fram í 6. gr. tilskipunar 94/62/EB

Efniviður úr umbúðaúrgangi	Myndun úrgangs	Endurvinnsla			Viðarumbúðir sem eru lagfærðar	Endurnýting orku <sup>(1)</sup>	Önnur endurnýting <sup>(2)</sup>
		Endurvinnsla í aðildarríkinu	Endurvinnsla í öðrum aðildarríkjum	Endurvinnsla utan ESB			
Allt							
Plast							
Viður							
Málmur (samtals)							
Járnríkur málmur							
Járnríkur málmur úr botnösku úr brennslu <sup>(3)</sup>							
Ál							
Ál úr botnösku úr brennslu <sup>(4)</sup>							
Gler							
Pappír og pappi							
Annað							

## Athugasemdir:

1. Dökkskyggðir reitir: skýrslugjöf á ekki við.
2. Ljósskyggðir reitir: skýrslugjöf er aðeins skyldubundin fyrir aðildarríki sem telja þetta magn með í endurvinnsluhlutfallinu. Ef aðildarríki tilgreina málma frá botnösku úr brennslu (IBA) skulu þau fylla út báða reitina um endurvinnslu innan og utan aðildarríkisins.

- (1) Þar með telst brennsla með endurnýtingu orku og endurvinnsla á úrgangi sem á að nota sem eldsneyti eða á annan hátt til að framleiða orku.
- (2) Þetta nær ekki til viðarumbúða sem eru lagfærðar til endurnotkunar, endurvinnslu og endurnýtingar orku og nær til fyllingar.
- (3) Greina skal frá járnrikum málmum, sem eru endurunnið eftir aðskilnað frá botnösku úr brennslu, sérstaklega og ekki skal telja þá með í línunni fyrir skýrslugjöf um járnrika málma.
- (4) Greina skal frá áli, sem er endurunnið eftir aðskilnað frá botnösku úr brennslu, sérstaklega og ekki skal telja það með í línunni fyrir skýrslugjöf um ál.





1	2	3	4	5	6	7	8	9	10	11
Umbúðaefniviður	Umbúðir sem settar eru á markað í fyrsta skipti				Endurnotanlegar umbúðir sem settar eru á markað í fyrsta skipti		Hringferðir <sup>(3)</sup>			
	Allar umbúðir <sup>(1)</sup>		Söluumbúðir <sup>(2)</sup>		Allar endurnotanlegar umbúðir <sup>(t)</sup>	Endurnotanlegar söluumbúðir <sup>(t)</sup>	Allar endurnotanlegar umbúðir		Endurnotanlegar söluumbúðir	
	(t)	(einingar)	(t)	(einingar)			(t) <sup>(4)</sup>	(fjöldi)	(t) <sup>(4)</sup>	(fjöldi)
Pappír og pappi										
Annað										
Allt										

*Athugasemd:* Ljósskyggðir reitir: framlagning gagna er valfrjáls.

<sup>(1)</sup> Þetta merkir allar endurnotanlegar og einnota umbúðir sem samanstanda af sölu- flutnings- og safnumbúðum.

<sup>(2)</sup> Þetta merkir endurnotanlegar og einnota söluumbúðir.

<sup>(3)</sup> Þetta merkir fjölda hringferða sem endurnotanlegar umbúðir ljúka við á tilteknu ári.

<sup>(4)</sup> Þetta merkir fjölda hringferða sem endurnotanlegar umbúðir ljúka við á tilteknu ári, margfaldað með massa þeirra.“

3) Eftirfarandi II., III. og IV. viðauka er bætt við:

„II. VIÐAUKI

#### Útreikningspunktar sem um getur í a-lið 1. mgr. 6. gr. c

Umbúðaefniviður	Útreikningspunktur
Gler	Flokkað gler sem fer ekki í frekari vinnslu áður en það fer inn í glerbræðsluofn eða til framleiðslu á síunarefnum, slípiefnum, einangrun úr glertrefjum og byggingarefnum.
Málmur	Flokkaður málmur sem fer ekki í frekari vinnslu áður en hann fer inn í málmbræðslu- eða bræðsluofn.
Pappír/pappi	Flokkaður pappír sem fer ekki í frekari vinnslu áður en hann fer inn í maukvinnsluferli.
Plast	Plast sem er aðskilið eftir fjölliðum og fer ekki í frekari vinnslu áður en það fer inn í kögglunar-, útpressunar- eða mótunarferli, Plastflögur sem fara ekki í frekari vinnslu áður en þær eru notaðar í fullunna vöru.
Viður	Flokkaður viður sem fer ekki í frekari vinnslu áður en hann er notaður við framleiðslu á spónaplötum eða öðrum vörum. Flokkaður viður sem fer inn í myltingarferli.
Textílefni	Flokkað textílefni sem fer ekki í frekari vinnslu áður en það er notað til framleiðslu á textíltrefjum, tuskum eða kornum.
Samsettar umbúðir og umbúðir sem eru samsettar úr mörgum efniviðum.	Plast, gler, málmur, viður, pappír og pappi og aðrir efniviðir sem falla til við meðhöndlun á samsettum umbúðum eða á umbúðum sem eru samsettar úr mörgum efniviðum sem fara ekki í frekari vinnslu áður en komið er að útreikningspunktinum sem er ákvarðaður fyrir þann tiltekna efnivið.

## III. VIÐAUKI

**Aðferðafræði fyrir útreikning á endurunnum málmum sem eru aðskildir eftir brennslu á umbúðaúrgangi**

1. Eftirfarandi merkingar hugtaka skulu gilda í tengslum við formúlur sem settar eru fram í þessum viðauka:

$m_{total\ IBA\ Fe/Al}$	heildarmassi járnríkra málma eða áls í botnösku úr brennslu á tilteknu ári,
$m_{IBA\ Fe/nFe\ concentrates}$	massi járnríks málmkernis eða járnlauss málmkernis sem er aðskilið frá óunnum úrgangi botnösku úr brennslu á tilteknu ári,
$C_{IBA\ Fe/Al}$	styrkur járnríkra málma eða áls í viðkomandi málmkerni,
$m_{IBA\ Fe/Al}$	massi járnríkra málma eða áls í járnríku málmkerni eða í járnlausu málmkerni sem er aðskilið frá botnösku úr brennslu á tilteknu ári,
$m_{non-metallic}$	massi málmlaus efnis sem er í tilteknu járnríku málmkerni eða álkerni,
$r_{Al}$	hlutdeild áls í járnlausum málmum sem er í járnlausu kerni sem er aðskilið frá botnösku úr brennslu,
$m_{PW\ Fe/Al}$	massi járnríkra málma eða áls úr umbúðaúrgangi sem kemur inn í brennsluaðgerð á tilteknu ári,
$m_{W\ Fe/Al}$	massi allra járnríkra málma eða áls sem kemur inn í brennsluaðgerð á tilteknu ári og
$m_{PW\ IBA\ Fe/Al}$	massi enduruninna járnríkra málma eða áls sem kemur úr umbúðaúrgangi á tilteknu ári.

2. Eftir aðskilnað járnríks/járnlauss málmkernis úr óunninni botnösku úr brennslu skal reikna út innihald járnríkra málma/áls í málmkerninu með því að nota eftirfarandi formúlu:

$$m_{total\ IBA\ Fe/Al} = m_{IBA\ Fe/nFe\ concentrates} \cdot C_{IBA\ Fe/Al}$$

3. Gögn um massa járnríkra/járnlausra málmkerna skulu fengin frá stöðvum þar sem málmkerni eru aðskilin frá óunninni botnösku úr brennslu.
4. Styrkur járnríkra málma og áls sem falla til við vinnslu á óunninni botnösku úr brennslu skal reiknaður, með því að nota eftirfarandi formúlur, út frá gögnum, sem er safnað með reglulegum könnunum, frá stöðvum sem meðhöndla málmkerni og frá stöðvum sem nota málma sem eru aðskildir frá botnösku úr brennslu til að framleiða málmvörur:

- a) fyrir járnríka málma

$$C_{IBA\ Fe} = \frac{m_{IBA\ Fe}}{m_{IBA\ Fe\ concentrates}} = \frac{m_{IBA\ Fe\ concentrates} - m_{non-metallic}}{m_{IBA\ Fe\ concentrates}}, \text{ og}$$

- b) fyrir ál

$$C_{IBA\ Al} = \frac{m_{IBA\ Al}}{m_{IBA\ nFe\ concentrates}} = \frac{(m_{IBA\ nFe\ concentrates} - m_{non-metallic}) \cdot r_{Al}}{m_{IBA\ nFe\ concentrates}}$$

5. Massi enduruninna járnríkra málma/áls sem kemur úr umbúðaúrgangi í öllum endurunnum járnríkum málmum/áli sem eru aðskilin frá botnösku úr brennslu skal ákvarðaður með úrtakskönnunum á úrganginum sem kemur inn í brennsluaðgerðina. Þessar kannanir skulu framkvæmdar a.m.k. á fimm ára fresti og einnig þegar ástæða er til að ætla að samsetning á brenndum úrgangi hafi breyst verulega. Massi járnríkra málma/áls sem kemur úr umbúðaúrgangi skal reiknaður út með því að nota eftirfarandi formúlu:

$$m_{PW\ IBA\ Fe/Al} = \frac{m_{PW\ Fe/Al}}{m_{W\ Fe/Al}} \cdot m_{total\ IBA\ Fe/Al}$$

## IV. VIÐAUKI

## Eyðublað fyrir gæðakönnun

## I. Markmiðin með skýrslunni

Markmiðin með skýrslunni um gæðakönnun eru sem hér segir:

- að meta aðferðafræðina fyrir skýrslugjöf um árlega notkun á þunnum burðarpokum úr plasti,
- að meta gæði gagna um endurnotanlegar umbúðir,
- að athuga heildstæðni í beitingu aðildarríkja á skilgreiningunni á umbúðaúrgangi, einkum að því er varðar gögn um myndun umbúðaúrgangs,
- að meta gæði gagnasöfnunarferla, þ.m.t. umfang og fullgildingu stjórnsýslugagnaheimilda og tölfræðilegt gildi aðferða sem byggjast á könnunum,
- að skilja ástæður fyrir verulegum breytingum á gögnum, sem gefin er skýrsla um, milli viðmiðunarára og tryggja tiltrú á nákvæmni þessara gagna,
- að tryggja beitingu reglna og sameiginlegrar aðferðafræði til að mæla málma sem eru aðskildir eftir brennslu á umbúðaúrgangi og
- að sannprófa að farið sé að sértækum kröfum sem eru fastsettar í reglunum um útreikning á markmiðum um endurvinnslu á umbúðaúrgangi.

## II. Almennar upplýsingar

- Aðildarríki:
- Stofnun sem leggur fram gögn og lýsingu:
- Tengiliður/samskiptaupplýsingar:
- Viðmiðunarár:
- Afhendingardagur/útgáfa:
- Tengill á birtingu gagna aðildarríkisins (ef einhver er):

## III. Árleg notkun á þunnum burðarpokum úr plasti

- Lýsing á aðilum sem taka þátt í gagnasöfnuninni

Heiti stofnunar	Lýsing á lykilábyrgð

Bæta skal við línum eins og við á.

- Lýsing á aðferðum sem eru notaðar

---

---

- Nákvæmni gagna

- Lýsing á helstu atriðum sem hafa áhrif á nákvæmni gagna um árlega notkun á þunnum burðarpokum úr plasti, þ.m.t. villur sem tengjast úrtaki, umfangi, mælingum, vinnslu og brottfalli

---

---

## 3.2. Útskýringar á umfangi og gildi kannana til að safna gögnum um árlega notkun á þunnum burðarpokum úr plasti

---



---

## 3.3. Tölfræðilegar kannanir notaðar að því er varðar árlega notkun á þunnum burðarpokum úr plasti

Umfang könnunar	Ár	Hagskýrslueiningar	Hlutfall þýðis sem er kannað	Gögn (t)	Öryggisstig	Villumörk	Leiðrétting frá könnunarári til yfirstandandi árs	Aðrar upplýsingar

Bætið við línun fyrir hverja könnun sem er notuð.

## 3.4. Mismunur miðað við gögn frá næstliðnu ári

Marktækar aðferðafræðilegar breytingar á aðferð við útreikning fyrir yfirstandandi viðmiðunarár, ef einhverjar eru (tiltaka skal einkum afturvirkar endurskoðanir, eðli þeirra og hvort þörf er á skilflaggi fyrir tiltekið ár)

---



---

## IV. Endurnotanlegar umbúðir

## 1. Aðilar sem taka þátt í gagnasöfnuninni

Heiti stofnunar	Lýsing á lykilábyrgð

Bæta skal við línun eins og við á.

## 2. Lýsing á beitingu skilgreiningarinnar á endurnotanlegum umbúðum í landsbundna gagnasöfnunarkerfinu, þ.m.t. til að tryggja að endurnotanlegar umbúðir sem settar eru á markað í fyrsta skipti séu endurnýttar samkvæmt kerfi til að endurnota umbúðir og að allar hringferðir endurnotanlegra umbúða séu skráðar

---



---

## 3. Aðferðir við að safna og taka saman gögn fyrir mismunandi flokka, tegund umbúða og kerfi til að endurnota umbúðir

Umbúðaefni	Flokkar umbúða sem eru teknir með (sölu-, safn- eða flutningsumbúðir)	Tegund umbúða (t.d. flöskur, kassar, geymar)	Lýsing á kerfi til endurnotkunar (opið eða lokað hringrásarkerfi)	Nákvæm lýsing á aðferðum við að safna og taka saman gögn, þ.m.t. upplýsingaveitur, umfang og hvers konar mat sem notað er, helst sérstaklega fyrir hverja samsetningu umbúðaefniðs, flokk, tegund umbúða og kerfi til endurnotkunar.
Plast				
Viður				

Umbúðaefniviður	Flokkar umbúða sem eru teknir með (sölu-, safn- eða flutningsumbúðir)	Tegund umbúða (t.d. flöskur, kassar, geymar)	Lýsing á kerfi til endurnotkunar (opið eða lokað hringrásarkerfi)	Nákvæm lýsing á aðferðum við að safna og taka saman gögn, þ.m.t. upplýsingaveitur, umfang og hvers konar mat sem notað er, helst sérstaklega fyrir hverja samsetningu umbúðaefniviðs, flokk, tegund umbúða og kerfi til endurnotkunar.
Járnríkir málmar				
Ál				
Gler				
Pappír og pappi				
Annað				

Bæta skal við línun eftir hvern efnivið eins og við á.

#### 4. Sannprófun á gögnum

Umbúðaefniviður	Nákvæm lýsing á aðferðum fyrir sannprófun á gögnum um endurnotanlegar umbúðir, helst sérstaklega fyrir hverja samsetningu umbúðaefniviðs, flokk, tegund umbúða og kerfi til endurnotkunar
Plast	
Viður	
Járnríkir málmar	
Ál	
Gler	
Pappír og pappi	
Annað	

#### 5. Nákvæmni gagna

5.1. Lýsing á helstu atriðum sem hafa áhrif á nákvæmni gagna um endurnotanlegar umbúðir, þ.m.t. villur sem tengjast úrtaki, umfangi, mælingum, vinnslu og brottfalli

---



---

5.2. Útskýring á umfangi og gildi kannana til að safna gögnum um endurnotanlegar umbúðir

---



---



Efniviður úr umbúðaúrgangi/Aðferðir við gagnasöfnun	Samtals	Plast	Viður	Járnrikir málmar	Ál	Gler	Pappír og pappi	Annað
Gögn frá kerfum fyrir rýmkaða ábyrgð framleiðanda								
Hagskýrslur um framleiðslu og erlend viðskipti								
Annað (tilgreina skal nánar)								

Lýsing á aðferðum við sannprófanir varðandi gögn um umbúðaúrgang sem fellur til ef gögn um umbúðir sem settar eru á markað eru notuð

2.1.2. Útskýring á notkun mata ef gögn um umbúðir sem settar eru á markað eru notuð (til dæmis þegar gagnasöfnun nær ekki til alls markaðarins eða til að taka með í reikninginn frifarþega, einkasendingar til lands eða úr landi eða sölu á netinu)

2.1.3. Tilgreint hvort mat hafi verið reiknað út og því bætt við (Já/Nei) og ef svarið er „já“, viðbætt rúmmál í % af heildinni

Efniviður úr umbúðaúrgangi/ Fullgilding	Samtals	Plast	Viður	Járnrikir málmar	Ál	Gler	Pappír og pappi	Annað
Almenn mót (t.d. byggt á könnunum)								
Frifarþegar								
Einkasendingar								
Sala á netinu								
Annað								

2.1.4. Lýsing á aðferðafræði og sannprófun gagna um umbúðaúrgang sem fellur til ef gögn um umbúðaúrgang eru notuð, þ.m.t. hvernig gerð er grein fyrir (a) úrgangi sem er ekki umbúðaúrgangur sem er safnað saman með umbúðaúrgangi sem og (b) umbúðaefniviðum í öðrum úrgangi (blönduðum straumum úrgangs).

2.1.5. Lýsing á aðferðafræði fyrir skýrslugjöf um samsettar umbúðir, þ.m.t. þegar efniviðir sem eru í samsettum umbúðum og nema innan við 5% af massa umbúðareiningarinnar eru ekki tilgreindir sérstaklega.





Viðbótarupplýsingar um aðferðir, þ.m.t. samsetning aðferða sem eru notaðar

2.2.3. Mælipunktur fyrir endurvinnslu sem aðildarríki beitir

Efniviður úr umbúðaúrgangi	Lýsing á mælipunktum sem eru notaðir (við útreikningspunkt eða við frágag flokkunaraðgerðar með frádrætti á efniviðum sem eru ekki markefniviðir, eins og við á, viðmiðanir um hvenær úrgangur hættir að vera úrgangur o.s.frv.), þ.m.t. frávik á svæðis- og staðarvísu
Plast	
Viður	
Járnríkir málmar	
Ál	
Gler	
Pappír og pappi	
Annað	

Nákvæm lýsing á aðferðafræði til að reikna út magn efniviða sem eru ekki markefniviðir sem eru fjarlægðir milli mæli- og útreikningspunkts, eftir atvikum

2.2.4. Lýsing á aðferðafræði til að ákvarða, fyrir hvern efnivið, magn endurunninna efniviða sem eru í samsettum umbúðum eða í umbúðum sem eru samsettar úr mörgum efniviðum og upplýsingar um allar undanþágur sem er beitt vegna efniviða sem eru undir 5% af heildarmassa umbúðaeiningar.

2.2.5. Notkun á meðaltapi (ALRs)

Lýsing á flokkuðum umbúðaúrgangi þar sem meðaltap er notað, tegundum flokkunarstöðva sem mismunandi meðaltap gildir um, aðferðafræðilegri nálgun við að reikna út meðaltap á slíkum punkti eða punktum, þ.m.t. tölfræðileg nákvæmni allra kannana sem eru notaðar eða eðli allra tækniforskrifta.

Flokkadur úrgangsefniviður og gerð flokkunarstöðvar	Meðaltap sem er notað (í %)	Lýsing

Bæta skal við línunum eins og við á.

## 2.2.6. Skipting úrgangs eftir gerð (úr umbúðum og ekki úr umbúðum) og leiðrétting fyrir raka

Eftir atvikum, lýsing á aðferðafræði til að undanskilja úrgang sem er ekki umbúðaúrgangur frá tilgreindu magni af endurunnum umbúðaúrgangi og á aðferðafræðinni til að leiðrétta magn umbúðaúrgangs á mælipunktinum til að endurspeglar náttúrulegt rakainnihald umbúða (þ.m.t. með notkun á viðeigandi Evrópustöðlum). Samantekin gögn yfir svipaðar gerðir stöðva eru viðunandi.

Efniviður úr umbúðaúrgangi	Gerð stöðvar	Hlutdeild umbúðaúrgangs (%)	Lýsing á aðferðafræði sem er notuð til að fá hlutfallið

Bæta skal við línum eins og við á.

## 2.2.7. Skipting úrgangs á milli mismunandi aðildarríkja

Lýsing á aðferðafræði til að undanskilja úrgang sem kemur frá öðrum löndum, eftir atvikum. Samantekin gögn yfir svipaðar gerðir stöðva eru viðunandi.

Efniviður úr umbúðaúrgangi	Gerð stöðvar	Hlutdeild úrgangs frá aðildarríkinu (%)	Lýsing á aðferðafræði sem er notuð til að fá hlutfallið

Bæta skal við línum eins og við á.

## 2.2.8. Önnur endurnýting úrgangs

Lýsing á meðhöndlun á úrgangi sem er skráður undir flokknum um aðra endurnýtingu og hlutdeild úrgangs (%) sem fær slíka meðhöndlun


2.2.9. Upplýsingar um mikilvægi bráðabirgðageymslu á umbúðaúrgangi fyrir magn meðhöndlaðs úrgangs á tilteknu ári og hvers konar mat á úrgangi sem er endurunnið á yfirstandandi viðmiðunarári eftir bráðabirgðageymslu á fyrra viðmiðunarári og úrgangi sem fer í bráðabirgðageymslu á núverandi viðmiðunarári


## 2.2.10. Sannprófun gagna um endurvinnslu umbúðaúrgangs

Efniviður úr umbúðaúrgangi	Milligátun (já/nei)	Prófun á tímaröð (já/nei)	Úttekt (já/nei)	Sannprófunarferli
Plast				
Viður				

Efniviður úr umbúðaúrgangi	Milligátun (já/nei)	Prófun á tímaröð (já/nei)	Úttekt (já/nei)	Sannprófunarferli
Járnrikir málmar				
Ál				
Blandaður úrgangur				
Annað				

### 2.2.11. Útreikningur á endurvinnslu á málmum úr botnösku brennsluofna

Nákvæm lýsing á aðferð við að safna gögnum til að reikna út magn málna sem er aðskildir frá botnösku úr brennslu í samræmi við framkvæmdargerð framkvæmdastjórnarinnar sem var samþykkt í samræmi við 7. mgr. 37. gr. tilskipunar 2008/98/EB

Gögn	Lýsing á mæliaðferðinni til að fá gögnin
Heildarmagn málmkernis sem fengið er úr botnösku brennsluofna	
Meðalgildi málminnihalds í heildarmagni málmkernis, þ.m.t. áreiðanleiki allra kannana sem gerðar eru	
Hlutfall úrgangs sem kemur inn í brennslustöðvar sem er umbúðaúrgangur, þ.m.t. áreiðanleiki allra kannana sem gerðar eru	

### 2.3. Nákvæmni gagna

2.3.1. Lýsing á helstu atriðum sem hafa áhrif á nákvæmni gagna um myndun og meðhöndlun á umbúðaúrgangi, þ.m.t. villur sem tengjast úrtaki, umfangi, mælingum, vinnslu og brottfalli

2.3.2. Útskýringar á umfangi og gildi kannana til að safna gögnum um myndun og meðhöndlun umbúðaúrgangs

2.3.3. Tölfræðilegar kannanir notaðar varðandi myndun og meðhöndlun umbúðaúrgangs

Efnisþáttur umbúðaúrgangs	Ár	Hagskýrslueiningar	Hlutfall þýðis sem er kannað	Gögn (tonn)	Öryggisstig	Villumörk	Upplýsingar um leiðréttingar frá könnunarári til yfirstandandi árs	Aðrar upplýsingar

Bætið við línun fyrir hverja könnun sem er notuð.

## 2.3.4. Mismunur miðað við gögn frá næstliðnu ári

Marktækar aðferðafræðilegar breytingar á aðferð við útreikning fyrir yfirstandandi viðmiðunarár, ef einhverjar eru (tiltaka skal einkum afturvirkar endurskoðanir, eðli þeirra og hvort þörf er á skilflaggi fyrir tiltekið ár)

2.3.5. Útskýring sem lýsir orsökum mismunar á tonnatölum (í tengslum við hvaða úrgangsstraumar, geirar eða mót hafa valdið mismuninum og hver undirliggjandi orsök er) fyrir alla þá þætti umbúðaúrgangs, sem fellur til og er enduruninn, sem sýna meira en 10% frávik frá gögnum sem lögð voru fram fyrir fyrra gagnaár

Efniviður	Frávik (%)	Helsta ástæða fyrir fráviki

Bæta skal við línum eins og við á.

## VI. Rekjanleiki úrgangs og trygging fyrir meðhöndlun hans við aðstæður sem eru í stórum dráttum jafngildar kröfum í umhverfislöggjöf ESB

1. Nákvæm lýsing á gæðaeftirlits- og rekjanleikakerfi fyrir umbúðaúrgang skv. 3. og 8. mgr. 6. gr. a í tilskipun 94/62/EB

2. Úrgangur sem er meðhöndlaður utan aðildarríkisins

Efniviður úr umbúðaúrgangi	Fær lokameðhöndlun í aðildarríkinu (já/nei)	Sendur til annars aðildarríkis Evrópusambandsins (já/nei)	Fluttur út úr ESB (já/nei)	Lýsing á sértækum ráðstöfunum fyrir gæðaeftirlit og rekjanleika umbúðaúrgangs, einkum að því er varðar vöktun og fullgildingu gagna
Plast				
Viður				
Járnríkir málmar				
Ál				
Gler				
Pappír og pappi				
Annað				

3. Lýsing á ráðstöfunum til að tryggja, í samræmi við 8. mgr. 6. gr. a í tilskipun 94/62/EB, að útflytjandi geti sannað að tilflutningur úrgangs uppfylli kröfurnar í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1013/2006 <sup>(1)</sup> og að meðhöndlun úrgangs utan Sambandsins hafi farið fram við aðstæður sem eru í stórum dráttum jafngildar kröfum í viðeigandi umhverfislöggjöf Sambandsins

<sup>(1)</sup> Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1013/2006 frá 14. júní 2006 um tilflutning úrgangs (Stjtið. ESB L 190, 12.7.2006, bls. 1).

**VII. Trúnaðarkvöð**

Rökstuðningur fyrir því að birta ekki tiltekna hluta af þessari skýrslu:

---

---

**VIII. Helstu landsbundin vefsetur, tilvísunarskjöl og birtingar**

---

“

---